


# ÁSDÍS OG ELDFUGLINN

Rumon Gamba, hljómsveitarstjóri  
Ásdís Valdímarsdóttir, einleikari



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

2009/10



aðalstyrktaraðilar

---

BORGUN

Morgunblaðið



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

Tónleikar í Háskólabíói 5. nóvember 2009 kl. 19:30

**Rumon Gamba**, hljómsveitarstjóri  
**Ásdís Valdimarsdóttir**, einleikari

## ÁSDÍS OG ELDFUGLINN

**Michael Tippett**

**Fantasía concertante um stef eftir  
Corelli (1953)**

**William Walton**

**Viólukonsert (1928–29)**

Andante comodo

Vivo, con molto preciso

Allegro moderato

**Hlé**

**Ígor Stravinskij**

**Svíta úr Eldfuglinum (1909/1945)**

Inngangur –

Eldfuglinn dansar –

Eldfuglinn og Ívan prins –

Prinsessudans –

Hringdans –

Vítisdans Kastseis hins illa –

Vögguvísa Eldfuglsins –

Lokadans



**RÁS 1**

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu  
á Rás 1 og síðan aðgengilegir í fjórar  
vikur á [www.ruv.is](http://www.ruv.is)

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum á  
meðan tónleikum stendur.



Rumon Gamba nam við Konunglegu tónlistarakademiuna í London undir handleiðslu Colin Metters og varð fyrsti nemandinn í hljómsveitarstjórn sem vann til DipRAM-verðlaunanna. Skömmu síðar sigraði hann í keppni ungra hljómsveitarstjóra á vegum BBC og Lloyds-bankans og varð í framhaldi af því aðstoðarhljómsveitarstjóri Fílharmóníusveitar Breska ríkisútvarpsins um fjögurra ára skeið. Hann stýrði hljómsveitinni m.a. á opinberum tónleikum, við upptökur og á fjölda útvarps- og sjónvarpstónleika, og á Proms-tónleikum BBC.

Rumon hefur komið fram sem geststjórnandi með flestum helstu hljómsveitum Bretlandseyja. Hann hefur auk þess starfað með fjölda þekktra hljómsveita á meginlandinu, m.a. Fílharmóníusveitinni í München, Útvarpshljómsveitinni í Berlín og Sinfóníuhljómsveitinni í Barcelona. Hann hefur einnig stjórnað Sinfóníuhljómsveitunum í Toronto, Sydney, Melbourne og Tókýó, sem og Fílharmóníuhljómsveitinni í New York. Hann þreytti frumraun sína við Ensku þjóðaróperuna vorið 2008 í Candide eftir Leonard Bernstein. Hann tók við stöðu aðalstjórnanda NorrlandsOperan sinfóníuhljómsveitarinnar í Svíþjóð í júlí 2009.

Rumon er samningsbundinn Chandos-útgáfunni og hefur hljóðritað fjölda hljómdiska með Fílharmóníusveit Breska ríkisútvarpsins. Má þar nefna upptökur á verkum eftir Arnold, Bax, Auric og Vaughan-Williams, svo og kvikmyndatónlist eftir Alwyn, Richard Rodney Bennett og Erich Wolfgang Korngold. Hljómdiskar hans og Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa hlotið afbragðs dóma víða um heim, og í desember 2008 var fyrsti diskurinn í fyrirhugaðri röð hljómsveitarverka eftir Vincent d'Indy tilnefndur til hinna virtu Grammy-verðlauna. Rumon hefur gegnt stöðu aðalhljómsveitarstjóra og listræns stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá því í september 2002 en mun láta af því starfi í júní 2010.

## ÁSDÍS Á ÍSLANDI

Ásdís Valdimarsdóttir hefur margoft komið fram sem einleikari á Íslandi. Meðal fyrstu verkefna hennar á opinberum tónleikum hérlendis voru að leika *Sinfonia concertante* eftir Mozart með Sigurlaugu Eðvaldsdóttur á Listahátíð 1982 og þátt fyrir lágfiðlu og kammersveit eftir Gustav Holst með Íslensku hljómsveitinni í desember 1984. Hún hefur áður leikið *Der Schwanendreher* eftir Paul Hindemith með SÍ, í janúar 2002.

### ÁSDÍS VALDIMARSDÓTTIR

Einleikari

Ásdís Valdimarsdóttir fæddist árið 1962 og ólst upp í stórrí fjölskyldu í Reykjavík. Hún lauk námi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík átján ára og hélt þá til framhaldsnáms við Juilliard skólann í New York. Hún fór þaðan eftir fimm ár með meistaraþráðu upp á vasann, hélt til frekara náms til Þýskalands og lauk þar einleikaraprófi árið 1987. Ásdís er ein þeirra íslensku tónlistarmanna sem ferðast hafa hvað víðast en hún hefur stundað list sína í sex heimsálfum.

Hér á landi er Ásdís sennilega þekktust fyrir að hafa verið meðlimur hins heimsfræga Chilingirian strengjakvartetts í tæp átta ár; hún lék hér heima ásamt kvartettinum á Listahátíð 1998. Hún hefur komið fram í ýmsum frægum tónlistarsölum heims; Carnegie Hall í New York, Concertgebouw í Amsterdam og Wigmore Hall í London. Auk starfs síns með kvartettinum hefur hún leitt víólurnar í Deutsche Kammerphilharmonie og unnið með ýmsum öðrum frægum tónlistarmönnum, meðal annars Claudio Abbado, Gidon Kremer, Andrés Schiff og Isabellu van Keulen. Ásdís hefur komið fram á fjölmörgum alþjóðlegum tónlistarhátíðum, m.a. á Berliner Festspiele, Marlboro Music Festival í Bandaríkjunum og Kuhmo-hátíðinni í Finnlandi. Hún var ein af stofnendum Miami strengjakvartettsins, hefur tekið upp tónlist fyrir útvarpsstöðvar í ýmsum löndum auk þess að hafa leikið inn á fjölmarga geisladiska.

Ásdís er nú búsett í Amsterdam ásamt manni sínum og tveimur börnum, átta og fimm ára. Auk þess að leika kammertónlist hér og þar í Evrópu kennir hún í Royal Northern College of Music í Manchester, Utrecht Conservatorium og á „International Masterclasses“ í Apeldoorn, Hollandi, sem eru haldnir í ágúst á hverju ári.




## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

*Fantasían um stef eftir Corelli hefur einu sinni verið flutt áður á Íslandi, af Nýju strengjasveitinni undir stjórn Marks Reedman í apríl 1984. Síðast lék SÍ Helgidansa Tippetts (Ritual Dances) undir stjórn Rumons Gamba haustið 2005.*

MICHAEL TIPPETT

*Fantasía um stef eftir Corelli*



Sir Michael Tippett (1905–1998) var eitt fremsta og um leið eitt óvenjulegasta tónskáld Bretlands á 20. öldinni. Tippett var einstakur hugsjónamaður og skrifaði af miklu innsæi um hlutverk listamannsins í samfélagi nútímans. Tónverk hans eru af margvíslegum toga, en í mörgum þeirra notar hann gömul form á frumlegan hátt: óperur, sínfóniur, konsertar og strengjakvartettar eru stór hluti af ævistarfi hans. Fyrir Tippett átti tónlistin fyrst og fremst að ná til fólks, og hún átti að flytja mannbætandi boðskap.

Árið 1953 var Tippett beðinn að semja nýtt verk fyrir Edinborgarhátiðina í tilefni þess að þrjár aldir væru liðnar frá fæðingu ítalska tónskáldsins Arcangelos Corelli. Frægasta smíð Corellis er vafalítið Concerti grossi, hljómsveitarkonsertar op. 6, þar sem hljóðfærahópar af ólíkum stærðum kallast á. Tippett kaus að smíða verk sitt sem hugleiðingu um concerto grosso-formið, með stafi og tilbrigðum þar sem flakkað væri milli ólíkra stíla og tímabila sögunnar.

„Stefið“ sem Tippett valdi er raunar tveir bútar úr konsertinum op. 6 nr. 2 í F-dúr, annar hægur (Adagio), hinn hraður (Vivace). Hann notar hefðbundna strengjasveit en skiptir henni í þrennt: concertino sem samanstendur af tveimur fiðlum og sellói, concerto grosso (hálf strengjasveitin) og concerto terzo (hinn helmingurinn). Þannig er verk Tippetts eins konar fantasía fyrir þrjá einleikara og tvöfalda strengjasveit og skapar þannig fjölmörg tækifæri fyrir samtöl milli hinna ólíku hópa.

Í upphafi hljóma bútar Corellis í concertino og concerto grosso, en því næst taka ríkulega skreytt tilbrigðin við. Hér sækir Tippett sitthvað í smíðju barokkflúrs sem átti sitthvað sameiginlegt með hans eigin flókna stíl um þessar mundir, til dæmis í óperunni *The Midsummer Marriage*. Hann leikur sér einnig að því að taka bassastef Corellis og færa það yfir í dúr, sem honum fannst draga fram ítalska lýrik sem væri allt eins í ætt við Puccini. Eftir því sem líður á verkið verður einleikarahópurinn sífellt sjálfstæðari meðan strengjasveitirnar blandast saman í eitt, og þegar allir eru um það bil að ná saman í einn punkt brestur á með miklu fúgustefi þar sem sveitirnar þrjár sameinast í eina. Að lokum minnst höfundurinn upprunans einu sinni enn og verkinu lýkur á snaggaralegan hátt með broti úr Vivace-þætti ítalska meistarans.

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

*Víólukonsert Waltons hefur einu sinni hljómað hér á landi, í flutningi Ingvars Jónassonar í febrúar 1980. Sí hefur auk þess einu sinni flutt fiðlukonsert Waltons (Iona Brown, 1980) og sellókonsertinn sömuleiðis (Erling Blöndal Bengtsson, 2002).*

### WILLIAM WALTON

### Víólukonsert

Verk breska tónskáldsins Williams Walton (1902–1983) eru sjaldan flutt hér á landi og því er ekki úr vegi að kynna hann lítilla fyrir tónleikagestum. Hljómsveitarverk hans hafa notið hvað mestra vinsælda, sem og hið vinsæla *Façade* fyrir lesara og kammerhóp (1922–29) og óratórían *Veisla Beltsasars* (1930–31). Eru þá ónefnd þau tónverk Waltons sem líklega hafa náð eyrum flestra, kvikmyndatónlist hans við Shakespeare-kvikmyndir Laurence Oliviers: *Hamlet*, *Hinrik V*, *Ríkhart III* og *Sem yður þóknast*.



Fjölskylda Waltons var músikölsk og hann hóf feril sinn sem kórdrengur í kirkjukór föður síns. Árið 1912 hlaut hann inngöngu í kór Kristskirkju í Oxford og hóf síðar nám við háskólann þar. Á þessum árum eyddi Walton tíma sínum helst í að stúdera verk Debussys, Ravels og Stravinskíjs, en þegar hann féll á BA-prófi í þriðja sinn 1920 tóku vinnuhjón hans, Osbert og Edith Sitwell, hann að sér og bjó hann á heimili þeirra í meira en áratug. Þar gat hann helgað sig tónsmíðunum áhyggjulaus, hann kynntist Stravinskíj og Gershwin, samdi tilraunakenndan strengjakvartett sem fangaði athygli Albans Bergs, og naut við upphaf fjórða áratugarins viðurkenningar sem eitt af fremstu ungu tónskáldum Breta.

Walton samdi víólukonsert sinn á árunum 1928–29. Sir Thomas Beecham, sá goðsagnakenndi stjórnandi, hafði beðið hann um slíkt verk handa breska víólusnillingnum Lionel Tertis sem gerði öðrum mönnum meira til að koma lágfiðlunni í flokk einleikshljóðfæra á 20. öld. En þegar til kom var Tertis ósáttur við verkið – kannski af því hann var ekki hafður með í ráðum, hugsanlega fannst honum einnig lítið koma til þeirrar frægðar sem tónskáldið hafði notið undanfarin ár – og sendi það aftur til höfundarins um hæl. Walton tók þetta afar nærri sér enda framúrskarandi lágfiðluleikarar ekki á hverju strái. Í raun var aðeins einn annar sem til greina kom, tónskáldið Paul Hindemith sem var átta árum eldri en Walton og lék meðal annars í strengjatríói með Szymon Goldberg og Emanuel Feuermann. Það var Hindemith sem lék einleiksrulluna við frumflutninginn í Lundúnum 3. október 1929 – fyrir rétt rúmum átta áratugum. Svo öllu sé haldið til haga þá sá Tertis að sér síðar, lærði konsertinn og flutti hann víða um heim með góðum árangri.

Verkið er í þremur köflum; fyrst hljómar ljúfur þáttur sem er hægur, en ekki um of.

Breiðar laglínur fá hér að njóta sín, hugsanlega undir áhrifum frá fyrri fiðlukonserti Prokofievs sem hafði fyrst hljómað á Englandi nokkrum árum fyrr. Raunar er uppbygging verkanna afar keimlík: hægur þáttur/scherzo/allegro með draumkenndum lokatöktum.

En Walton fer líka sínar eigin leiðir og margt er bæði ægifagurt og eftirtektarvert, til dæmis hvernig lágfiðlan á í samræðum við hin og þessi hljómsveitarhljóðfæri eftir því sem líður á kaflann. Stuttur scherzo-kaflinn minnir stundum á Hindemith með kliðmjúkum ferundastökkum, en lokapátturinn hefst á glaðværðu fagottstefi. Undir lok verksins hnýtir Walton saman lausa enda, einleikarinn syngur upphafsstefið ofurveikt og konsertinum lýkur á kyrrlátum nótum sem sumir heyra sem blöndu af trega og eftirsjá.

## ÍGOR STRAVINSKÍJ

## Eldfuglinn



Ígor Stravinskíj (1882–1971) var ekki nema 27 ára gamall árið 1909, þegar rússneski athafnamaðurinn Sergei Diaghilev bað hann að semja tónlist við *Eldfuglinn*, nýjan ballett handa dansflokkinum Ballets Russes. Stravinskíj var ekki með öllu óþekkt stærð, því hljómsveitarverk hans *Flugeldar* (Feu d'artifice) hafði verið flutt skömmu áður, auk þess sem hann hafði útsett nokkur pianólög eftir Chopin fyrir ballett Diaghilevs, *Les sylphides*. En Diaghilev tók óvenju stóra áhættu með því að leggja svo mikið traust á ungt og að mestu óreynt

tónskáld, enda bauð hann Stravinskíj ekki verkið fyrr en þrjú önnur tónskáld – Ljadoff, Tsjerepnín og Glasúnoff – höfðu neitað að taka það að sér. Stravinskíj sá strax að hér var um einstakt tækifæri að ræða, lagði til hliðar óperu sem hann var hálfnaður með og vatt sér umbúðalaust að verkinu. *Eldfuglinn* var frumfluttur í Parísaróperunni í júní 1910 og naut strax mikilla vinsælda, sem urðu til þess að Diaghilev hélt samstarfinu áfram með *Petrúsku* (1911) og *Vorblóti* (1913).

Söguþráð ballettsins vann dansahöfundurinn Michel Fokine úr rússneskum þjóðsögum. Þar segir af eldfugli og unga prinsinum Ívan, sem reynir fyrst að handsama fuglinn en verður síðan ástfanginn af prinsessu sem er í haldi skrímslisins Kastseis. Varðmenn hans handtaka prinsinn, en áður en Kastsei nær að breyta honum í stein



## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Breski hljómsveitarstjórinn Eugene Goossens stýrði fyrsta flutningi Eldfuglsins hér á landi, á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar í Þjóðleikhúsinu 1954. Síðan hefur verið hljómað 16 sinnum í flutningi SÍ, að skólatónleikum ótöldum. Meðal þeirra sem haldið hafa um sprotann eru Jussi Jalas (1967), Paul Zukofsky (1980) og Vladimir Ashkenazy (2004).

man Ivan eftir fjöður eldfuglsins, sem hann hefur í vörslu sinni. Þegar hann veifar fjöðrinni birtist eldfuglinn og með töfrum sínum magnar hann upp ofsafenginn vítisdans handa skrímslinu og hjálparhellum hans. Eldfuglinn dansar hægan dans, eins konar vöggulag, og segir um leið Ívan prins hvernig hann getur stöðvað mátt Kastseis: með því að brjóta fjöregg hans. Þegar skrímslið er við það að vakna úr dansvímunni þrumar prinsinn fjöregginu í gólfíð, og náttmyrkrið sem hafði umlukið ríki Kastseis vikur fyrir nýjum degi. Allir fyrrum vonbiðlarnir sem voru orðnir að steini vakna til lífsins og verkinu lýkur á glæstum gleðidansi.

Margt hafa orðið til að benda á þversögnina sem felst í því að eftir því sem Stravinskíj, sem var heimsborgari fram í fingurgóma, naut meiri vinsælda á heimsvísu, þeim mun rússneskari hafi tónlist hans orðið. *Eldfuglinn* stendur við upphaf þeirrar þróunar og tónmál verksins er að mörgu leyti „alþjóðlegra“, jafnvel þótt Stravinskíj noti rússnesk þjóðlög bæði í dansi prinsessanna og í vöggulagi eldfuglsins. Hið síðarnefnda er leikið á fagott við lágróma strengjaundirleik, og er dæmigert fyrir tónlistina sem einkennir eldfuglinn sjálfan í verkinu, smástígt og framandi, gjörólíkt tónlistinni sem hljómar þegar Ívan prins og prinsessurnar eru í forgrunni. Sem heild er tónlist Stravinskíjs mun hefðbundnari en í verkunum sem á eftir fylgdu. Margt minnir á kennara hans, Rimskíj-Korsakoff – til dæmis *Sheherazade* –, Glinka og jafnvel Skrjabín. Þó bregður einnig fyrir köflum þar sem heyrst glitta í *Vorblótið*, ekki síst í kraftmiklum rytmaleiknum í vítisdansinum fræga.

ARNI HEIMIR INGÓLFSSON

## Á DÖFINNI

## ADVENTUTÓNLEIKAR 11. DESEMBER

Fátt er betur til þess fallið en hátíðleg tónlist til að koma manni í hið sanna jólasþap. Á aðventutónleikum SÍ hljómar jólatónlist frá ýmsum tímum í flutningi tveggja af okkar fremstu söngvurum. Gissur Páll Gissurarson er einn efnilegasti ungi söngvari sem komið hefur fram á síðustu árum, og Ingibjörg Guðjónsdóttir hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli fyrir gullfallega rödd og hrífandi sviðsframkomu. Á tónleikunum syngja þau undir stjórn Daníels Bjarnasonar, sem vakið hefur mikla athygli bæði fyrir hljómsveitarstjórn sína og tónsmíðar.

Efnisskráin er samansafn af einstökum gullmolum: Jólakonsertinn eftir Corelli, ariur úr Messíasi og Jólaóratóriu, Ave María eftir Sigvalda Kaldalóns og Ó helga nótt, svo aðeins fátt eitt sé nefnt. Þeir sem hafa yndi af sígildri jólatónlist láta sig ekki vanta á þessa frábæru tónleika.

## HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 5. NÓVEMBER 2009

---

### 1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Andrzej Kleina  
Zbigniew Dubik  
Martin Frewer  
Rósa Guðmundsdóttir  
Lin Wei  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Sigríður Hrafnkelsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Laufey Sigurðardóttir

### 2. fiðla

Greta Guðnadóttir  
Ari Þór Vilhjálmsson  
Roland Hartwell  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Þórdís Stross  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Joanna Bauer  
Christian Diethard  
Mark Reedman  
Kristján Matthíasson  
Dóra Björgvinsdóttir

### Vióla

Helga Þórarinsdóttir  
Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Svava Bernharðsdóttir  
Sesselja Halldórsdóttir  
Sarah Buckley  
Kathryn Harrison  
Herdis Anna Jónsdóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Eyjólfr Alfreðsson

### Selló

Bryndís Halla Gylfadóttir  
Sigurgeir Agnarsson  
Margrét Árnadóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Inga Rós Ingólfssdóttir  
Lovisa Fjeldsted  
Auður Ingvadóttir

### Bassi

Hávarður Tryggvason  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Jóhannes Georgsson

### Flauta

Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

### Óbó

Daði Kolbeinsson  
Matthías Nardeau

### Klarinett

Einar Jóhannesson  
Rúnar Óskarsson

### Fagott

Rúnar Vilbergsson  
Brjánn Ingason

### Horn

Joseph Ognibene  
Emil Friðfinnsson  
Stefán Jón Bernharðsson  
Þorkell Jóelsson  
Lilja Valdimarsdóttir

### Trompet

Ásgeir Steingrímsson  
Guðmundur Hafsteinnsson

### Básúna

Oddur Björnsson  
Sigurður Þorbergsson  
David Bobroff, bassabásúna

### Túba

Tim Buzbee

### Harpa

Katie Buckley

### Píanó

Anna Guðný Guðmundsdóttir

### Pákur

Eggert Pálsson  
Slagverk  
Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson

samstarfsaðilar

---

# Sónata í A fyrir bragðlaukana

*Komdu á Skrúður áður en  
þú ferð á tónleikana  
og kvöldið verður ógleymanlegt.*



PIPAE • SÍA • 2017

**Skrúður**  
bistro • restaurant • bar

Hótel Sögu / S: 525 9970 / [www.skrudur.is](http://www.skrudur.is)



JÓNSSON & LEINACCHIS • JULIE • SÍA

Borgun auðveldar viðskipti og hefur sérhæft sig í öruggri greiðslumiðlun í nær 30 ár.

MEÐ BORGUN  
TEKUR ÞÚ VIÐ  
ÖLLUM KORTUM

**BORGUN**

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | [www.borgun.is](http://www.borgun.is)